

### Héraðsþing.

56. Ársþing UMSK var haldið þann 17. febrúar 1980 í boði Íþróttafélagsins Gróttu í Félagsheimili Seltjarnarness. Sóttu þingið 51 maður frá 9 félögum.

Gestir þingsins voru: Hermann Guðmundsson, framkv. ÍSÍ  
Þorsteinn Einarsson, Íþróttafulltr. Ríkisins  
Pálmi Gíslason, form. UMFI  
Sigurður Geirdal, framkv. UMFI  
Sveinn Björnsson ÍSÍ.

A þinginu var gerð lagabreyting varðandi stjórn Sambandsins þannig að í stað þess að félögin útnefndu 1 mann hvert í stjórnina sem gerði 12 manns, var hún minnkuð niður í 5 manns sem voru kosnir á þinginu.

#### Stjórn:

Form. Jón Árman Héðinsson  
Þórun Ísfeld  
Álfþór Jóhannsson  
Kristján Sveinbjörnsson  
Reinhart Reinhartson

Varastj. Páll Bjarnason  
Ágústa Gísladóttir  
Bjarki Bjarnason

#### Endurskoðendur:

Bjarni Lúðvíksson  
Magnús Bjarnason  
Vara. Steindór Ólafsson  
Páll Bjarnason

#### Landsmótsnefnd:

Jón Ingi Ragnarsson  
Halldór Gíslason  
Aðalstein Pálsson  
Hafstein Jóhannesson  
Margrét Bjarnadóttir  
Varam. Stefán Tryggvason  
Sigurður Skarphéðinsson

#### Dómstóll:

Sigurður Skarphéðinsson  
Tómas Guðmundsson  
Sigurður Helgason  
Varam. Þórir Hallgrímsson  
Magnús Bjarnason  
Gissur Kristjánsson

#### Prastaskógsnefnd:

Páll Aðalsteinsson  
Reinhart Reinhartsson

A síðasta þingi UMSK, virtist sem nokkur hugur væri í mönnum á þann veg, að rétta sambandið við, en það var í sannleika sagt orðið heldur rislågt. En ekki er allt sem sýnist. Reynsla fráfarandi stjórnar hefur orðið sú, að áhugaleysi og deyfð félaganna gagnvart sambandinu er slikt, að það lamar nánast alla starfsemi þess. Öll viðleitni í þá átt, að efla tengsl félaganna innbyrðis, s.s. halda formannafundi, stofna fulltrúaráð og gefa út fréttabréf, strandaði alltaf á því sama, tímaskorti, manneklu og áhugaleysi. Jafnvel íþróttamót, sem að öllu jöfnu er það, sem best er að fá þáttakendur í, áttu erfitt uppdráttar, vegna skorts á stjórnendum.

Það er leitt til þess að vita, að svo skuli vera komið fyrir UMSK, einu þekktasta og sigursælasta héraðssambandi landsins gegn um tíðina, að erfitt er að fá fólk til þess að starfa fyrir það að nauðsynlegustu málum.

Telur stjórnin að það stafi fyrst og fremst af því, að margir stjórnendur aðildarfélaga sambandsins, er nýtt fólk, ungt fólk, sem þekkir ekki sögu þess eða tilgang.

Þessu verður að breyta, en til þess þarf sameiginlegt átak okkar allra. Vendum nú kvæði í kross og heitum því hér á þessu þingi, að efla UMSK með öllum ráðum og styðja við bakio á nýri stjórn með virkri þáttöku og lifandi starfi.

Öllum ætti að vera ljós sú staðreynd, að stóru íþróttafélögin í Reykjavík, taka til sín efnilegt íþróttafólk af sambandssvæðinu og ætti það eitt að nægja, til að þjappa saman aðildarfélögum UMSK og hvetja til sameiginlegs átaks til gagnríostafana.

Það gerum við með því að tryggja íþróttafólk okkar næg verkefni til mótvægis við það sem Reykjavíkurfélöginn bjóða upp á.

Væntanlegt landsmót ætti einnig að efla samkennd og samstöðu innan UMSK, að minnsta kosti er það kærkomið tækifæri, sem nýta á til fullnustu.

Er það von okkar í fráfarandi stjórn, að félagar UMSK vakni nú til vitundar um það, að Ungmennasamband Kjalarnesþings er meira en nafnið eitt og er virt sem slikt um land allt. Látum svo verða áfram um ókomin ár.

Stjórn UMSK.

### I.S.I. HÁTIÐIN.

A 56. þingi U.M.S.K. haldið 17. febrúar 1980 kom boð frá Íþróttasambandi Íslands um þátttöku í I.S.I. hátiðinni, sem vera átti dagana 25-28 júní. Var þar um að ræða hátið er stæði í fjóra daga og var þar boðið upp á sýningar og keppni í öllum íþróttateginum. Að vísu byrjaði hátiðin með vetraríþróttaleikjum á Akureyri 29.2 - 1.3. U.M.S.K. sendi nokkra skíðamenn og einn skautamann, Gunnar Snorrason, sem varð í öðru sæti í skautakeppninni.

Þegar líða tók á vorið, sendi I.S.I. bæklinga til sambandanna og einnig hafði U.M.S.K. samband við félögin til að hvetja þau til þátttöku í hátiðinni. 25. júní komu svo félagar frá sex félögum saman inn við Engjaveg í Reykjavík.

Þaðan hófst hópganga frá öllum sérsambondum og félögum og lauk henni með mikilli skrautsýningu á Laugardalsvellinum. Fyrir U.M.S.K. göngunni gekk Ármann Lárusson, síðan stjórnin með fána U.M.S.K. og U.M.F.I. ásamt íslenska fánanum. U.M.S.K. var eina sambandið, þar sem göngumenn voru í prefaldri röð og báru þrjá fána í fararbroddi.

Barna var ágæt þátttaka frá sex félögum, en sérstaklega þó frá Gerplu, Íþróttafélagi Kópavogs Breiðabliki og Aftureldingu.

I.S.I. hafði látið þjálfa fimleikaflokka í fjórum aldursflokkum og sýndu þeir við setningu hátiðarinnar. Einnig komu fram sýningarflokkar dagana á eftir. Má segja að hátiðin hafi tekist mjög vel og á stjórn I.S.I. pakkir skilið fyrir framtakið.

## FORMANNASKIPTI U.M.S.K.

Á þingi I.S.I., haldið 25.-28 júní s.l., var formaður U.M.S.K. kosinn í framkvæmdastjórn I.S.I. Var það gert með samþykki þeirra þingfulltrúa U.M.S.K. sem sátu þingið. Það þýddi að hann varð að láta af störfum sem formaður U.M.S.K.

Á fundi stjórnar U.M.S.K. sem haldinn var 2. júlí var samþykkt að Reinhardt A. Reinhardtsson tæki að sér formennsku og Kristján Sveinbjörnsson yrði varaformaður. Jón Ármann Héðinsson sat áfram í stjórn. Á fundi þessum sátu auk stjórnarinnar, þeir Sigurgeir Sigurðsson frá Gróttu, Tómas Guðmundsson frá Gerplu og Hafsteinn Jóhannesson Breiðabliki og voru þeir skiptunum samþykkir.

22. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

Var haldin 8.nov. 1980 að Hrafagilsskóla við Akureyri. Sambandsráðsfundur þessir eru haldnir annað hvart ár þ.e. á móti þingárnum. Sambandsráðið er skipað fulltrúum héraðssambanda og félaga með beina aðild svo og stjórnarmönnum UMFÍ.

Fulltrúi UMSK var Kristján Sveinbjörnsson en auk þess sat Hafstein Jóhannesson fundin, hann er í varastjórn UMFÍ. Stór hluti fundarins fór í umræður um 17 landsmót UMFÍ. Akureyringar sögðu frá undirbúningi og keppnisstöðum auk þess sem farið var í kynnisferð og skoðar var fyrirhugað keppnissvæði.

Annað efni fundarins fjallaði um: Skinfaxa málgagn hreifingarinar. Happdrætti UMFÍ, var talið að með aukini sölu mætti auka sölu laun í 60- 70%. Göngudag UMFÍ, sem samþ. var að gera að árlegum viðburði hjá félögum. Félagsmálfaskólinn, mættu félögin virkja betur þann lið. Þjónustumiðstöð UMFÍ að Mjölnisholti 14. Svo og fleiri mál.

K.S.

### 13. Félagsmálafræðsla.

Félagsmálaskóli UMFÍ hefur nú verið starfandi í 11 ár og haldin hafa verið 270 námskeið út um allt land. Námskeið þessi, þar sem þau hafa verið haldin, hafa víðast hvar verið mjög hvetjandi í starfsemi félaganna og hafa aðildarfélög UMSK notið þess.

Þó hefur nú síðastu ár komið afturkippur í þessi mál hjá okkur og var t.d. á síðasta ári aðeins 1. námskeið hér á UMSK svæðinu, en það var hjá UMF Bessastaðarhrepps. Er það miður hvað félögin hafa lítið notfært sér þennan möguleika en með félagsmálanámskeiðum þessum, er góð leið til að ná burtu stjórarkreppu þeirri sem virðast há allmög aðildar félög sambandsins,

Leiðbeinendur á félagsmálanámskeiði hjá UMFB var Þór Indriðason og Kristján Sveinbjörnsson

### 6. Heimsóknir.

A starfsímabilinu heimsóttu fulltrúar stjórn úr stjórnum UMSK nokkur félög sambandsins og sat með þeim fundi. Fundir af þessu tagi eru mjög gagnlegir og nayðsynlegur þáttur til að halda opnu sambandi milli stjórnar UMSK og aðildarfélaganna. Má að skaðlausu auka heimsóknir þannig til aðildar félaganna og um leið kynna starfsemi UMSK.

### Starfsdagur í Prastarskógi.

Laugardaginn 7. júní fóru félagar úr þrem aðildarfél. UMSK., Gerplu 39, Afureldingu 19 og 4 frá UMF Kjalarness. Unnið var við hreinsun í skóginum undir stjórnum form. Prastarskógar nefndar UMSK, Páls Aðalsteinssonar. Að loknu starfi þáði fólkis veitingar í boði Páls.

### Sumarhúsið.

Nýting sumarhússins var í lágmarki, aðeins tveir hópar gisti það í sumar, sinn hvora helgina.

Er ástæða til að hvetja félögin til að notfæra sér þá aðstöðu sem við höfum í skóginum. Þarna er hægt að hafa æfingabúðir fyrir íþróttafólk og hverskyns annað ungingastarf.

Blaðaútgáfa - fréttabréf.

Í haust var samp. af stjórninni að sambandið gæfi út blað til þess að kynna starfsemina, svo og afla einhverra peninga. Ýmislegt mun þó hafa tafið útkomuna og orðið til þess að draumurinn hefur enn ekki orðið að veruleika en vonum að blaðaútgáfa geti orðið sem fyrst hjá sambandinu. Þó voru gefin út 2 fréttabréf sem tókust vel en hví miður varð ekki framhald á þeim. Við teljum þó að fréttabréf af þessu tagi sé nauðsynlegt til að gefa félögunum einhverja mynd af starfsemi sambandsins á líðandi stund.

Íþróttamót UMSK.

Dagana 1. og 8. mars 1980 fór fram innanhúss mótt í knattspyrnu að Varmá í Mosfellssveit. Undirbúning að mótinu annaðist ÍK en UMFA sá um framkvæmdina. Úrslit urðu sem hér segir:

|            |            |
|------------|------------|
| M.fl.      | 4.fl.      |
| Stjarnan   | UBK        |
| UBK        | ÍK         |
| Gróttta    | Stjarnan   |
| ÍK         | Gróttta    |
| Afurelding | Afurelding |
| 2.fl.      | 5.fl.      |
| UBK        | UBK        |
| Stjarnan   | ÍK         |
| Gróttta    | Afurelding |
| ÍK         | Stjarnan   |
| Afurelding | Gróttta    |
| 3.fl.      | 6.fl.      |
| Stjarna    | Stjarnan   |
| ÍK         | UBK        |
| Gróttta    | Gróttta    |
| UBK        | Afurelding |
| Afurelding | ÍK         |

Veitt voru verðlaun sem UMSK, gaf, í öllum flokkum.

Knattspyrnumót yngri flokka utanhúss.

Knattspyrnumót 6.fl. fór fram í júlí á Kópavogs-vellinum í umsjá ÍK. Úrslit urðu þau að Stjarnan varð sigurvegari en í 2-5. sæti urðu sem hér segir: 2.UBK 3.ÍK., 4.Grótta, 5.Afurelding.

Síðar í sama máni. var haldið mótið fyrir 5.fl. og sá UBK um framkvæmd þess. Úrslit urðu þessi; í 1.sæti varð ÍK, í öðru UBK, 3.Stjarnan og í 4.Grótta. Afturelding sendi ekki lið til kepnni. Mótið fór fram á Kópavogsvellinum.

Í 4.fl. átti að verða mótið í umsjá Stjörnunar, en þrátt fyrir margítrekuð tilmæli og loforð, hefur það ekki verið haldið enn. Skýringar hafa ekki fengist.

Í 3.fl. fór mótið fram í Agúst á Smárahvammsvellinum í Kópavogi og annaðist stjórn UMSK allan undirbúning og framkvæmd þess. Upphaflega átti Afturelding að sjá um framkvæmd þessa móts en er til kom sáu þeir sér það ekki fært. Úrslit urðu þessi: 1. Stjarnan, 2.ÍK., 3.UBK, 4. Grótta. Afurelding sendi ekki lið til kepnni.

Verðlaun voru veitt fyrir 1. og 2. sæti í öllum aldurs-flokkum.

Forkeppni í knattspyrnu fyrir landsmótið var haldið í Borgarnesi dagana 8.9. og 10. ágúst.

Þegar ljóst var að UBK gæti ekki leikið fyrir UMSK í þessari keppni vegna anna, var ákveðið að fela UMFA það verkefni, sem og þeir samþykktu að gera. Á síðustu stundu bárust þau boð frá knattspyrnudeild UMFA, að þeir sjái sér ekki fært að senda lið til keppninnar sökum mannfæðar.

Þar að aðeins vika var til sefnu og verslunarmanna-helgin gengin í garð, er þessi boð bárust. Ákvað stjórnin að snúa sér til ÍK og UBK og fá þessi félög til að bræða saman lið, sem hægt væri að senda í keppnina og var það gert.

Í vikunni á eftir var haft samband við Stjörnuna og Gróttu og þeim tjáð þessi ákvörðun.

Var það samdóma álit stjórnarinnar að ekki kæmi annað til greina en að UMSK sendi lið til keppninnar hvað sem tautaði.

En nú er ljóst að UMSK verður ekki í hópi þeirra sem keppa í knattspyrnu á landsmótinu, þar sem við höfnuðum í þriðja sæti en einungis tvö lið halda áfram í aðalkeppnina

En við vorum með og sýndum að UMSK er ekki dautt úr öllum æðum og verður ekki lagt að velli á íþróttamótum átakalaust.

7. Húsnæðismálin.

Stjórn UMSK þakkar Bæjarstjórn Kópavogs og félagsmálaráði fyrir veitta aðstöðu með fundarherbergi ásamt litlu skrifstofuherbergi á síðastliðnum árum. Vegna óvissu um framtíðarlausn á húsnæði fyrir skrifstofu U.M.S.K. ritaði stjórn U.M.S.K. bréf til bæjarráðs Kópavogs, birtið bréfs og svar.

Kópavogur 13/10 1980.

Til Bæjarráðs Kópavogs.

Vegna tilvísunar Kristjáns Guðmundssonar félagsmálafulltrúa fer stjórn U.M.S.K. þess á leit við háttvirt bæjarráð að það veiti okkur ásjár í okkar húsnæðismáli.

Undanfarin ár hefur U.M.S.K. haft lítið herbergi í húsi félagsmálastofnunarinnar að Álfhólsvegi 32. Nú hefur félagsmálafulltrúi Kristján Guðmundsson tjáð form. U.M.S.K. að þeir flytji út um áramót með sína starfsemi.

Eigendur þessa húss munu nýta það fyrir sig svo það er sjáanlegt að U.M.S.K. getur enga aðstöðu haft þar fyrir sína starfsemi.

Stjórn U.M.S.K. hefur staðið fyrir ýmsum íþróttamótum svo sem innanhúss knattspyrnukeppni, handknattleikskeppni og knattspyrnukeppni utanhúss, auk þess sem það stendur til að halda félagsmálanámskeið í októberlok. Síðan er hugsað að halda fleiri íþróttamót á komandi vetri.

Landsmótsnefnd U.M.S.K. er að hefja starfsemi sína vegna undirbúnings fyrir næsta landsmót U.M.F.I. er verður á Akureyri næsta sumar. En til þess að þetta megi takast verður U.M.S.K. að hafa aðstöðu og væri það mikill kostur fyrir Kópavogsfélögin að hún gæti haldið áfram að vera innan Kópavogs-svæðisins.

Stjórn U.M.S.K. vonast til að Háttvirt Bæjarráð veiti okkur úrlausn í þessu máli.

F.h. stjórnar U.M.S.K.

---

ritari.

Ungmennasamband Kjalarnesþings  
Álfhólsvegi 32  
200 KÓPAVOGUR

Kópavogi, 20/10 1980

A fundi bæjarráðs Kópavogs 14. þ.m. var lagt fram erindi yðar varðandi húsnæði.  
Bæjarráð samþykkti að taka erindið til vinsamlegrar og gagngerrar athugunar.  
Þetta tilkynnist yður hér með.

f.h. bæjarritara

Pórólfur Kr. Beck.

Kópavogi, 30. júní 1980.

Til stjórnar  
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS  
Mjölnishotli 14,  
125 Reykjavík.

A 56. ársþingi UMSK var sú samþykkt gerð, að stjórn UMSK skyldi sækja um að fá að halda landsmót UMFÍ 1984.

Þetta mál hefur verið rætt innan stjórnar UMSK og einnig við stjórn UMF. Afturelding og er full samstaða um að rita stjórn UMFÍ eftirfarandi:

Ungmannasamband Kjalarnesþings sækir hér með um að fá að halda landsmót UMFÍ árið 1984 og til vara árið 1987.

Rétt er að greina frá því, að gengið er út frá því að móts- svæðið verði félagssvæði Umf. Afturelding.

Með félagskveðju.  
f.h. stjórnar UMSK  
Jón Árm. Héðinsson

Reykjavík 8. 12. 1980  
SG/GÁ No. 150.1980.

Góðir félagar.

A sambandsráðsfundinum 8. nóv. s.l. lögðu UMFN OG UMFK fram ósk um að fá að annast framkvæmd 18. Landsmóts UMFÍ árið 1984.

Aður hafa okkur borist umsóknir um sama móti frá HSP og UMSK. Umsókn HSP er nokkuð gömul og einnig má segja um umsókn UMSK að þar koma tiltölulega litlar upplýsingar fram um aðstöðu, væntanlegan undirbúning o.s.frv. I umsókn UMFK og UMFN er greint frá ýmsum slíkum þáttum og þess vegna viljum við gefa fyrri umsækjendum tækifæri til að senda okkur nánari upplýsingar eða rökstuðning áður en endanleg ákvörðun verður tekin í málinu, en það verður gert á fundi stjórnar UMFÍ í byrjun febrúar n.k.

Þær upplýsingar sem máli skipta eru.

1. Heldur HSP/ UMSK fast við fyrri umsóknir, og ef svo er þá eftirfarandi.
2. Hver er hinn fyrirhugaði mótsstaður.
3. Hvaða aðstaða og mannvirki eru þar fyrir hendi.
4. Hvað þarf að byggja að bæta og hvernig eru áætlunar um framkvæmdir í þeim efnum.
5. Er stuðningur viðkomandi sveitastjórnar og annarra væntanlegra samstarfs aðila fyrir hendi.

Við óskum eftir svörum fyrir 14. janúar n.k.

Með félagskveðjum  
fh. stjórnar UMFÍ

Sig. Geirdal, framkvæmdastj.

Kópavogi 5.2.1981

Ungmennafélag Íslands  
Mjölnishofti 14,  
Reykjavík.

Samkvæmt bréfi UMFÍ dagsett 8.12.1980 óskaði UMFÍ eftir nánari upplýsingum um aðstöðu og annað vegna umsóknar okkar á að halda 18. Landsmót UMFÍ 1984.

Gengið er út frá því að mótsvæðið verði á félagssvæði Ungmennafélags Aftureldingar í Mosfellssveit.

Eftir að hafa rætt þessi mál við UMF. Aftureldingu virðist vera mikill áhugi hjá þeim um að halda landsmótið 1984, og telja þeir ekkert til fyrirstöðu að það megi takast.

Aðstaða á svæði þeirra teljum við vera mjög góða og teljum að svæðið sé eitt skemmtilegasta sem um er að velja fyrir Landsmót 1984.

Íþróttahúsið er fyrsta flokks þ.e. 20x40 metra völlur og rúm fyrir 600-700 áhorfendur.

Sundlaugin telst all þokkaleg en hún er 8x25 m.

Í Hlégarði telst mótneytisaðstaða góð og í skólunum er gott svæði fyrir starfsliðin. Noggrann landssvæði er fyrir starfs-íþróttir og einnig tjaldbúðir sem yrðu sennilega að stað er nefnist Tungubakkar.

Knattspyrnuvöllur er það sem úr þarf að bæta en teljum að ef UMSK hreppi mótið 1984 megi telja öruggt að góður völlur yrði tilbúinn fyrir það móti.

Sveitastjórn Mosfellshrepps er jákvæð fyrir því að halda Landsmótið 1984 í Mosfellssveit, og í viðtali við oddvita Mosfellshrepps kveðst hann eindregið vilja fá 18 Landsmót 1984 í Mosfellssveitina.

Með Ungmennafélagskvæðju  
f.h. stjórnar UMSK.

Kristján Sveinbjörnsson v.form.

Reykjavík, 16.2.1981.  
SG/GA Nr. 105, 1981.

Góðir félagar.

A fundi sínum 6.-7. febrúar s.l. tók stjórn UMFÍ til afgreiðslu erindi ykkar varðandi umsóknir um Landsmót þau sem framundan eru.

Til að ekkert fari á milli mála varðandi umfjöllun og afgreiðslu málsins sendi ég ykkur bókun stjórnarfundarins eins og hún er í heild.

5. mál. 18. Landsmót UMFÍ.

„Fyrir lágu umsóknir frá þemur samböndum: UMSK, HSP, UMFK og UMFN. Samþykkt var á síðasta Sambandsráðsfundi að senda út bréf til UMSK og HSP og í því bréfi var þeim gefinn kostur á að endurnýja fyrri umsóknir. Þetta var gert vegna þess að á áður nefndum Sambandsráðsfundi lögðu Kefl-víkingar fram umsókn um að halda landsmótið 1984. HSP og UMSK var gefinn kostur á að endurnýja sínar fyrri umsóknir fyrir 14. jan. 1981. HSP sótti um frest til 27. jan. 1981 til að svara og fékk hann. Ekkert heyrðist frá UMSK fyrr en 6. febrúar 1981. Fyrir liggja því nú umsóknir frá þessum þemur samböndum um að halda 18. Landsmótið 1984. Stjórn UMFÍ samþykkti að taka allar umsóknir til greina þó svo að umsókn UMSK hafi borist of seint. Þá viku af fundi að eigin ósk for-maður UMFÍ Pálmi Gíslason UMSK og Haukur Hafsteinsson UMFK. Þegar Pálmi vék af fundi þá skipaði hann Guðjón Ingimundarson varaformann sem fundarstjóra. Samþykkt var eftirfarandi:

Stjórn UMFÍ telur æskilegast að Landsmót UMFÍ séu haldin til skiptis í landshlutunum. Með tilliti til þess að landsmótið 1981 verður haldið á Akureyri, þá komi nú til álita við afgreiðslu, UMSK annarsvegar og UMFK/UMFN hinsvegar um landsmótið 1984. Með hliðsjón af því að umsókn UMFK/UMFN er ein-drægari og studd ýtarlegri upplýsingum um aðstöðu og stuðning sveitarfélaganna við mótsvaldið, samþykkir stjórn UMFÍ að UMFK og UMFN sjái um 18. Landsmót UMFÍ 1984. Stjórn UMFÍ telur eðlilegt að HSP sjái um 19. Landsmótið 1987 eins og þeir hafa sött um til vara, enda sé umsókn um það endurnýjuð á tilsettum tíma. Hinsvegar telur stjórnin sér vart heimilt að taka um það endanlega ákvörðun nú.”

Samkvæmt framanskráðu er UMFN og UMFK falið að annast framkvæmd 18. Landsmótsins og er þeim hér með óskað góðs gengis við að framkvæma mikið og erfitt, en vonandi ánægjuleg verkefni.

Sent: UMFN,  
UMFK,  
UMSK,  
HSP.

F. h. stjórnar UMFÍ  
með bestu kveðjum.

Sigurður Geirdal, framkvstj.

Ársþing UMSK 1981, 28.febrúar.

Yfirlit yfir störf landsmótsnefndar UMSK 1980 -1981.  
Nefndina skipa.

|        |  |
|--------|--|
| Varam. | Halldór Gíslason, UMF Dreng<br>Aðalsteinn Pálsson, UMF Afurelding<br>Margrét Bjarnadóttir, Gerpla<br>Stefán Tryggvason, UMF Kjalarunes<br>Sigurður Skarphéðinsson, UMF Afurelding. |
|--------|--|

Störf nefndarinnar: Ekki er hægt að segja að landsmótsnefnd hafi starfað af glæsibrag frekar en annað hjá UMSK.

I upphafi þ.e.a.s. á fyrsta fundi þann 9.júní ríkti þó bjartsýni og var gerð gróf stefnumörkun um undirbúning fyrir landsmótið og þó einkum um það sem fyrir lá þ.e. forkeppni í knattspyrnu. Flestum mun vera kunnugt um hvernig því lyktaði, en þar er óhætt að segja að segja að feitur biti hafi farið í hundskjaft. Ekki er meiningin að rekja ófara sögu knattspyrnunar í smáatriðum þrátt fyrir að ýmsum aðilum hafi þótt ástæða til að kenna einum, eða fleiri um frekar en öðrum. Æg lít svo á að þetta atvik í undirbúningi landsmótsins megi kenna okkur öllum hvaða þýðingu gott samstarf og skilningur á grundvallaratriðum í mannlegum samskiptum hefur að segja þegar rætt er um samstarf íþróttafélaga innan UMSK.

Sumarið 1980 var óróatímabil í landsmótsnefnd eins og í stjórn UMSK, rveir menn þeir Hafsteinn Jóhannesson og Jón Ingi Ragnarsson hættu þátttöku, en varamenn tóku við.

Alls voru haldnir fimm formlegir nefndarfundir, þar af tveir með stjórn UMSK.

I haust var sú sefna tekin hjá landsmótsnefnd að fá til liðs umsjónarmenn með hverri keppnisgrein. Ekki reyndist unt að fá fólk fyrir allar greinar en vonandi rætist úr því síðar. Akveðið var að halda kynningarfund með öllum ungmannafélögunum og íþróttafélögum á svæðinu, en ekki hafa þau fundarhöld öll verið haldin. Þau félög sem boðuð hafa verið á fundi eru eftirfarandi.

Gerpla og Ýmir mættu á fund þann 15.12. 1980, HK og ÍK mættu ekki. UMFD, UMFK og UMFA mættu á fund þann 4.jan.1981. Þann 10. jan. var haldinn fundur með formönnum deilda í Breiðabliki. Ekki hefur enn verið haldnir fundir með, Gróttu, Stjörnunni og Vog.

Samantekið af Halldóri Gíslasyni.

Listi yfir umsjónarmenn keppnisgreina:

|                 |  |
|-----------------|--|
| Blak:           | Albert Valdimarsson, Öldugötu 13, sími:52832     |
| Körfubolti:     | Pétur Eysteinsson, Ásbraut 17, Kóp. s. 45152     |
| Borðtennis:     | Guðrún Einarsdóttir, vs. 41570                   |
| Judo:           | Guðmundur Rögnvaldsson, s: 42015                 |
| Fimleikar:      | Margrét Bjarnadóttir, Hvammhóluma 6, s:43323     |
| Frjálsar Íþró.: | Hafsteinn Jóhannesson, s: 41866, 41271. vs:41570 |
| Siglingar:      | Valdimar Karlsson, Nökkvavogi 15, s: 38375       |
| Glíma:          | Aðalsteinn Pálsson, Landsmótsnefnd               |
| Handbolti:      | Landsmótsnefnd.                                  |
| Skák:           | Sigurður Skarphéðinsson, Landsmótsnefnd          |
| Sund:           | Landsmótsnefnd                                   |

Landshappadrætti Ungmennafélaganna.

Eins og sjá má af neðanritaðri töflu þá er UMSK með sölumetið í ár. Sölulaunin eru meira en helmingur af fræðslustyrk UMSK. Með lítilli fyrirhöfn má því ná nokkuri upphæð á þennan hátt.

|                |               |               |                 |                     |                     |
|----------------|---------------|---------------|-----------------|---------------------|---------------------|
| 1. UMSK        | 3.350         | 1.491         | <b>1.859</b>    | 1.859.000.-         | 1.859.000.-         |
| 2. UMSB        | 1.000         | 234           | 766             | 766.000.-           | 766.000.-           |
| 3. HSH         | 800           | 560           | 240             | 240.000.-           | 240.000.-           |
| 4. UDN         | 400           | 221           | 179             | 179.000.-           | 179.000.-           |
| 5. HHF         | 300           | 77            | 223             | 223.000.-           | 223.000.-           |
| 6. HVÍ         | 600           | 255           | 345             | 345.000.-           | 345.000.-           |
| 7. HSS         | 400           | 43            | 357             | 357.000.-           | 357.000.-           |
| 8. USVH        | 400           | 133           | 267             | 267.000.-           | 267.000.-           |
| 9. USAH        | 500           | 61            | 439             | 439.000.-           | 439.000.-           |
| 10. UMSS       | 800           | 148           | 652             | 652.000.-           | 652.000.-           |
| 11. UÍÓ        | 400           | 192           | 208             | 208.000.-           | 208.000.-           |
| 12. UMSE       | 1.200         | 281           | 919             | 919.000.-           | 919.000.-           |
| 13. HSP        | 1.600         | 968           | 632             | 632.000.-           | 632.000.-           |
| 14. UNP        | 400           | 223           | 177             | 177.000.-           | 177.000.-           |
| 15. UÍA        | 3.000         | 2.062         | 938             | 938.000.-           | 938.000.-           |
| 16. USÓ        | 600           | 351           | 249             | 249.000.-           | 249.000.-           |
| 17. USVS       | 860           | 285           | 575             | 575.000.-           | 575.000.-           |
| 18. HSK        | 3.400         | 2.148         | <b>1.252</b>    | 1.252.000.-         | 1.252.000.-         |
| 19. UV         | 1.000         | 433           | 567             | 567.000.-           | 567.000.-           |
| 20. UMFB       | 300           | 197           | 103             | 103.000.-           | 103.000.-           |
| 21. Geisli     | 100           | 0             | 100             | 100.000.-           | 100.000.-           |
| 22. UMFD       | 100           | 43            | 57              | 57.000.-            | 57.000.-            |
| 23. UMGF       | 300           | 165           | 135             | 135.000.-           | 135.000.-           |
| 24. UMFK       | 700           | 164           | 536             | 536.000.-           | 536.000.-           |
| 25. UMFN       | 300           | 132           | 168             | 168.000.-           | 168.000.-           |
| 26. Próttur    | 100           | 0             | 100             | 100.000.-           | 100.000.-           |
| Önnur sala     | 7             | 0             | 7               |                     | 14.000.-            |
| <b>Samtals</b> | <b>22.917</b> | <b>10.867</b> | <b>12.050.-</b> | <b>12.043.000.-</b> | <b>12.057.000.-</b> |

|            |     |
|------------|-----|
| Vogur      | 0   |
| Drengur    | 45  |
| Stjarnan   | 220 |
| Kjalarnes  | 91  |
| Bessas.hr. | 76  |
| Gróttta    | 0   |
| Aftureld.  | 230 |
| UBK        | 451 |
| Gerpla     | 391 |
| ÍK         | 255 |
| HK         | 0   |
| Ýmir       | 100 |

Göngudagur fjölskyldunnar.

---

Að tilhlutan UMFÍ var efnt til almenns göngudags 14. júní 1930. Var ætlast til að ungmenna- og íbrottafelög innan UMFÍ um land gengjust fyrir utvistardegí hennan dag þar sem öllum almenningi ungum sem óldnum gefist kostur að sameinast í einni ~~af~~ elstu og skemmtilegustu íbrott sem stunduð ~~verði~~ hefur verið og enn er íþkuð: göngu.

~~Verði~~

Skrifstofu UMFÍ hafa borist skyrslur fra 6 aðildarfelögum UMSK sem efndu til göngu hennan dag en vera ma að fleiri felög hafi staðið fyrir göngudegi bætt ekki hafi borist skyrslur um þau. Þau felög sem sendu skyrslu voru hessi:

|  |       |    |
|--|-------|----|
| Umf. Afturelding. Gengið að Tröllafossi.       | patt. | 35 |
| Umf. Bessastaðahrepps. Gengið um Gálgahraun.   | -     | 21 |
| Umf. Breiðablik. Gengið i Burfellsgja.         | -     | 14 |
| Umf. Drengur. Gengið a Hvalfell.               | -     | 35 |
| Iþrf. Gerpla. Gengið a Olkelduhals             | -     | 19 |
| Iþrf. Kopavogs. Gengið um Kopavog og naðrenni. | -     | 50 |

Alls hafa 174 göngumenn lagt land undir fot hennan dag a vegum felaga innan UMSK og verður það að teljast góð byrjun þegar tekis er tillit til þess að her er um nyung í starfi UMFÍ að ræða. Ma vanta þess að hessir göngudagar verði arlegur viðburður í framtíðinni með vaxandi batttöku. Her er um að ræða góða hugmynd sem gefur kost að hollri utiveru undirleisögn kunnugra manna um fjölbreytilegustu landssvæði.



# GÖNGUDAGUR FJÓLSKYLDUNNAR

14. JÚNÍ 1980

Við sem stöndum fyrir göngudegi íK höfum talið það rétt að allir sem nokkurn kost hafi á geti tekið þátt í okkar göngu. Sú ákvörðun Ungmennafélags Íslands að efna til göngudags nú 14.júní er liður í þeirri baráttu að íþróttir séu fyrir alla. Gangan er ein elsta íþrótt sem vitað er um. Áður fyrr var ganga fjölmennasta aðferðin til að menn gætu átt samskipti sín á milli. Menn lögðu land undir fót, segir gamalt málteki. En hvernir verður íK gangan 14.júní?

## Agríp af leiðarlýsingu.

Við biðjum þig góður þátttakandi að byrja gönguna heima hjá þér og ganga að Víghólunum, en þar við er Félagsheimili íK. Þar munum við skrá þátttakendur, en þegar skráningu er lokið geta menn skoðað útsýnið frá útsýnisskýfu sem á Víghólnum er. Þessa útsýnisskýfu teiknaði Jón Víðis, sem lengi var verkfræðingur hjá Vegagerð Ríkisins og mikill náttúruskoðandi. Frá henni er útsýni til allra átta og má sjá á skýfumni merkingu margra staða sem sjást í fjarlægð. Við áætum að hefja gönguna frá Víghólunum kl.13.30 og göngum sem leið liggar um Gagnheiði, niður Digranesveg til vesturs. Fyrir sunnan Digranesveg er syðri Víghóllinn og sést móta fyrir honum enn. Þegar við komum að Bröttubrekku göngum við hana niður til suðvesturs. Brattabrekka er í dag þar sem áður hét Stútulaut, en Stútulaut lá þarna upp eftir Digraneshálsi. Það er rétt að geta þess að hálsinn sem Kópavogur er byggður á hét áður fyrr eingöngu Digranes en sjór gekk inn eftir Fossvogi og Dalnum hér sunnan megin allt inn í sand og malarnámið sem er innst í Kópavogslandi hér að sunnan. Digranes hefur verið fyrsta býlið sem byggt var í Kópavogi, en fyrstu heimildir um Kópavog eru ritaðar um þingstaðinn sem nú er vestan við Hafnarfjarðarveginn, en þær eru frá 1523. Frá Bröttubrekku verður gengið austur Hlíðarveg. Fyrir neðan Hlíðarveginn rennur lækur sem heitir Hvammsslækur. Daglega virðist lækurinn ekki skaðræðisgripur, en 1874 varð það hörmulega slys við lækinn að tvö börn félru í hann og drukknuðu, en hið þriðja horfði á og gat engu bjargað.

Þegar við komum að malarnáminu fórum við yfir það og síðan veg sem liggar upp í Hlíðardal og þaðan inn í Leirdal. Á vinstri hönd þegar við göngum þessa leið er bærinn Fífuhvammur, sem mikið hefur verið í fréttum að undanförmu vegna umræðna um kaup Kópavogsþejar á jörðinni. Fífuhvammur hét áður Hvammskot en nafninu var breitt fyrir alllöngu. Í gamladaga höfðu menn ekki klukkur til að ákvarða tíman fyrir sig, en kennileiti í landinu voru þá viðmiðun við sólfganginn. Frá Fífuhammi má sjá hól sem nefndur er Hádegishóll en er sólin skein var hún yfir hólnum um hádegi. Á sama hátt má sjá til vesturs Nónhæð, sem var önnur tímasetning í gamladaga.

Í Leirdalnum ætlum við að stoppa og verður þar á boðstólum ölf og gosdrykkir sem seldir verða úr bíl. Þar mun Adolf J.E.Petersen fyrrverandi verkstjóri segja okkur frá kennileitum sem sjást úr dalnum. Úr Leirdal göngum við á Hádegishól en þaðan er margt að sjá. Af hádegishól göngum við eftir stígum sem hestamenn nota á mörkum Garðabæjar og Kópavogs að Hnoðraholti. Á þessari leið er útsýnið fallegt til suðurs til Vífilsstaða. yfir vatnið og til fjallanna. Frá Hnoðraholti göngum við um félagssvæði Gusts yfir að veginum niður að Smárahammi en þegar við komum þar er Nónhæðin okkur á vinstri hönd. Við göngum yfir á Fífuhammsveg og eftir honum í Hlíðargarðin en þar endum við okkar göngudag. Við vonum að allir verði með í okkar göngu og góða veðrið líka.

Það fá allir viðurkenningarskjal fyrir að taka þátt í göngudegi UMFÍ og verður hún send til þátttakenda.

Göngustjóri í ÍK göngunni verður Bragi Michaelsson sími 42910.



## Gerpla

Gönguferð á Ölkelduháls.Leiðarlýsing.

Gangan hefst neðan við Reykjakot, þar sem farið er yfir hrörlega brú á Varmá og síðan inn með henni og stefnt í mynni Grensdals. Leiðin liggur framhjá borholum, sem boraðar voru kringum 1960 vegna fyrirhugaðra þ gufuaflutöðvar. Afkastamælingar standa yfir og hafa sumar holurnar verið í blæstri í vor. Sunnan við Varmá heitir Hofmannaflöt, þar er áfórmæð að reisa sykurverksmiðju. Þegar skammt er farið verður Grensdalsá fyrir og er hún vaðin eða stikluð. Síðan verður gengið inn eftir Grensdal vestan ár. Austan megin ár er berg allt grænsoðið af jarðhita. Vestan megin ár eru hlíðarnar meira skriðunnar. Viða um dalinn eru hverir, oft vatnshverir, en einnig gufu- og leirhverir með hinu venjulega litskrúði, sem þeim fylgir. Dalurinn víkkar innst og eru þar miklir hverareykir. Framundan er Folaldaháls og gegnum hann rennur lækur í grunnu gili. Nokkru sunnar er Dalaskarð og þangað er stefnan tekin. Efst í skarðinu verður stalðrað smástund. Þar skiptir um jarðmyndun: Að baki er landslag mótað af rofi. Jöklar og rennandi vatn hafa grafið alldjúpa dali niður í öldóttu hásléttu, sem upphaflega hefur legið í um og yfir 400 m hæð. (Á hæð við Reykjafjall- Klóarfjall- Dala-fell). Þarna hætti upphleðsla gosmyndana einhver tíma seint á ís oldinni fyrir e.t.v. 150.000 árum. Til vesturs og framundan eru aftur á móti yngri gosmyndanir einkum móbergshryggir, hlaðnir upp í eldgosum á síðasta Jökulskeiði (hófst fyrir h.u.b. 70.000 árum.) Einn af hryggjum þessum er Kyllisfell og hálsrarinn suður af því, sem endar í Dalaskarðshnjúk norðan við Dalaskarð, úr miklu ferskara móbergi en eldri myndunin undir. Úr Dalaskarði er gengið í sveig vestur á Ölkelduháls. Þaðan má gagna hvort sem vill upp á Ölkelduhnjúk sunnan við hálsinn eða á Tjarnarhnjúk, fornan eldgíg norðan við hálsinn. Af báðum er dágott útsýni. Sé gengið á Ölkelduhnjúk sést á Tjarnahnjúk skammt í norðaustur. Þaðan hefur runnið hraun niður í Þverárdal, sem sést niður í norðaustur. Þaðan hefur runnið hraun niður í Þverárdal, sem sést niður í norðaustan undir hnjknum. Austurhlíð Hengils blasir við beint á móti og austan undir honum sunnan Kýrgils har grágrýtiskambur, nafnlaus en merkilegur, því þar eru upptök grágrýtishraunsins (Bitru), sem Hamarinn ofan við Hveragerði er einnig partur af. Grágrýtishraun þetta hefur runnið í lok ísaldar, þegar jökkull lá á fjalllendinu. Hraunið bræddi sér geil fram úr jöklinum og héldu ísbrúnir að hraunjaðrinum, sem þess vegna er óeðlilega brattur. Þegar þetta skeði stóð sjór 60 m hærra en nú og kamburinn ofan við Hveragerði var sjávargrandi. Hraunið rann út á grandann og hefur varðveist þar og heitir nú Hamarinn. Síðan eru liðin 11.000 ár. Til norðurs sjást hálsaranar norður úr Henglinum (Dyrafjöll). Til austur og suðurs sér yfir Dalaskarð og Dalafell til Reykjafjalls. Hið næsta sést norðan megin suður yfir Ölkelduháls og þangað er snúið aftur ofan af Ölkelduhnjúk.

Á Ölkelduhálsi eru stórir hverir, sumir ólgandi af kolsýruútstreymi, en langflestir eða allir gruggugir. Prálátar sögusagnir eru um hverafugla á sumum þessara hvera, sbr. Lýsingu Ölfusshrepps frá 1703 (prentað í nýútkommum Sóknalýsingum Árnæssýslu og Árbók F.Í. 1936). S.l.fjögur ár hefur verið allmikil smáskjálftavirkni á Hengilsvæðinu (stærstu skjálftar 3-4 stig á Richter) og hafa aðalupptökin verið á Ölkelduhálsi og þar í kring. Af Ölkelduhálsi er gengið um Klambragil niður í Hverakjálka innri. Í Klambragili er hömrött og má þar líta snoira klettamyndanir, en auðratað einstigi liggur niður í dalinn neðan við. Bergið í hömrunum er s.k. bólstraberg, sem myndast, þegar hraun kemur upp í djúpu vatni eða þykkum jöklum eins og hér. Ár og lækir hafa grafið gilin, líklega mest í lok ísaldar, þegar vatnagangur var meiri en nú. Hverakjálki er fallegt dalverpi með heitum laugum, baðvolgum læk og grasigrónum bökkum. Þar áttu skátar eitt sinn kofa, sem er nú fokinn og brakið dreift. Frá Hverakjálka er gengið niður Reykjadal með Molddalahnjúka á hægri hönd, en Dalafell nokkuð gróið að austanverðu og ur miklu eldri berglögum. Sunnan við Molddalahnjúka skerst dalskora til vesturs, Hverakjálki fremri með fallegum hverum og ölkeldum. Rétt þar neðan við dýpkar dalurinn snögglega og heitir þar Djúpagil. Í því sér í móberg sams konar og móbergið í Grensdal, sumsstaðar grænsoðið. Innst í Djúpagili eru fallegir fossar þar sem saman koma Reykjadalsá og lækurinn fra Hverakjálka fremri. Vestan megin við Djúpagil er Arstaðafjall með læréttum klettaböndum efst. Klettaböndin eru partur af sama hrauninu og myndar Bitru og Hamarinn. Neðan til í þessum klettum má finna á einum stað snotran gulleitan ópal. Þegar komið er austur fyrir Djúpagil, verður fyrir glögg gata, og er henni fylgt meðfram gilinu á kafla og síðan gengið skáhalla yfir endan á Dalafelli niður s.k. Rjúpnabrekkur. Í Rjúpnabreknum eru hverir á stöku stað og neðst í brekkurótum er ein af borholunum fyrri nefndu frá því um 1960. Sú semhér er ber númerið 8 og hefur verið vinsæl til að sýna gestum ríkisins, sem að garði ber. Frá Rjúpnabreknum er gengið síðasta spölinn að bílunum og þarf þá enn að vaða eða stikla Grensdalsá.

Vogur félag áhugamanna um siglingaþróttir í Garðabæ.

Stjórn félagssins skipa nú,  
 Erling Ásgeirsson, formaður  
 Magnús Karl Pétursson, varaformaður  
 Símon Kjærnested, gjaldkeri  
 Guðjón Torfi Guðmundsson, ritari  
 Hannes Strange, meðstjórnandi  
 Smári Sveinsson, meðstjórnandi  
 Trausti Ævarsson, meðstjórnandi

Sú breyting varð á högum félgsins á árinu 1980, að samstarfi við siglingaklúbbinn Þyt í Hafnarfirði um rekstur bátaskýlis og siglingaaðstöðu við Arnarvog var hætt, þegar Þytur ákvað að koma sér upp aðstöðu í Hafnarfirði. Tókust samningar um eignaskipti og var samstarfinu slitið í fullri vinsemd. Er nú Vogur einn aðili að rekstri bátaskýlisins og aðstöðu allri til siglinga við Arnarvog.

Fyrri hluti árs 1980 var unnið mikið starf í sjálfboðavinnu á vegum félagsins. Fullgerðir voru 10 bátar af Optinnist gerð til siglingakennslu fyri unglings. Sömuleiðis var unnið að innréttingu og viðhald eigna við Arnar vog.

Sumarstarfið 1980 var með hefbundnum hætti. Ráðinn var starfsmaður í hálf starf til félagsins og sá hann um siglinganámskeið á vegum Vogs sem haldin var fyrir börn og unglings. Félagsmenn tóku þátt í öllum siglingamótum sem haldin voru á vegum Siglingasambands Íslands og sendu meðal annars 6 keppendur ásamt farastjóra á Íslandsmótið í Flipper-flokki sem haldið var á Akureyri sl. sumar, og urðu þar í 1. og 3. sæti.

Undirbúningsstarf fyrir næsta sumar er nú þegar hafið og er í ráði að á vegum Vogs komi hingað til lands breskur unglingsþjálfari sem væntanlega verur hér við kennslu og þjálfun í 2 vikur á sumri komandà.

Garðabæ 31/1 1981.

Magnús Karl Pétursson, varaformaður.

Félagsstarf UMF Drengs 1980.

64 aðlafundur félagsins var haldin 9. feb. fundarsókn sæmileg, eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Guðbrandur Hannesson, Hækingsdal, form.  
 Rebekka Kristjánsdóttir, Grjóteyri, varaform.  
 Andrés Freyr Gíslason, N-Hálsi, gjalk.  
 Kolbrún Guðbrandsdóttir, Hækingsdal, ritari  
 Kristin Kristinsson, Morastöðum, meðstj.

8 nýir félagar gengu í félagið og eru félagsmenn nú 90. Félagsheimilið Félagsgarður er í eign Drengs og hafa félagsmenn séð um rekstur þess með síaukini fjárhagsaðstoð hreppsins og er nú svo komið að hreppurinn var beðin að taka við rekstrinum og hefur það verið í undirbúningi. Fjögur spilavöld voru haldin frá áramótum til vors og tvö núna í vetur til áramóta. Diskótek og bingó var fyrir unglunganna í Félagsgarði.

Sameiginlegt ball í Fólkvangi sem Drengur og UMF Kjalnesinga sáu um. Almennur félagsfundur var einn þar sem rætt var sumarstarfið og fleira. Þrír stjórnarfundir voru haldnir og er það algjört lámark, sem kemur til af því að mikið af stjórnarliðinu er í skónum eða vinnu fjarri sinni heimabyggð.

Fulltrúar mættu á fund hjá skóræktarfélagi Kjósarsýslu á ári trésins. Sumarstarfið hófst með því að félagar mættu við Félagsgarð og hrestu upp á girðingar og lóð ásamt íþróttavelli félagsins. Þjálfari var

Þjálfari var ráðinn Sigvaldi Ingimundarson og mætti hann einu sinni í viku og sá um æfingar als 8 sinnum, voru æfingar vel sóttar og vel stjórnæð.

Keppt var við Kjalnesinga í frjálsumíþróttum og fótbolta.

Einig fór fram frjálsíþróttamót við Félagsgarð svokallað bikarkeppni Kjósarsýslu, léleg þátttaka.

Góð þátttaka var í landsgöngu UMFÍ gengið var á Hvalfell í Hvalfirði.

Til að fjármagna sumarstarfið og fleira voru haldnir tveir opinberir dansleikir sem tókust vel en gróðinn var líttill fer alltof mikið í söluskatt og löggæslu.

Milli jóla og nýárs voru haldnar jólatrésskemmtanir bæði fyrir börn og fullorðna, þess má geta að jólatréð sem fengið var og var um 4m. var úr Vindáshlíð og gróðursett fyrir 20 árum.

## Ungmennafelagið Breiðablik

---

Avalstjórn UBK var bannig skipuð 1980 : Guttormur Sigurbjörnsson, Jóhann Baldurs, Pétur Sveinsson, Rúnar Skarphéðinsson, Hafsteinn Jóhannesson, Erlingur Líðvíksson, Jon Ingi Ragnarsson.

Felagið átti 30 ára afmeli á árinu og var þess minnst með margvíslegum hætti: gefið út myndarlegt afmélisrit, haldið veglegt kaffisamseti, árshátið þar sem fjórir menn úr fyrstu stjórn félagsins voru gerðir að heiðursfelögum, haldið var knattspyrnumót yngri flokka félagsins og sitthvað fleira.

Innar UBK starfa 8 deildir: Frjálsíþróttadeild, sunddeild, skíðadeild, Körfuknattleiksdeild, blakdeild, handknattleiksdeild, knattspyrnuðeild og styrktardeild. Auk þessara 8 deilda starfa í tengslum við felagið tvö félög: Kvenfélag knattspyrnuðeildaar Breiðabliks og Styrktarfélag skíðadeildaar Breiðabliks.

Allar deildir félagsins störfuðu af miklum hrötti á árinu og umnirmargir íorottasigrar.

Felstu vandamal félagsins eru þau að ekkert íþróttahus er til þar sem hegt er að keppa í boltaleikjum a löglegri vallarsterð með ahorfendaðstöðu, einnig hair það sunddeildinni að þar er við sömu vandamál að glima. - Felagið er eignaraðili að Felagshheimili Kopavogs en hefur bar enga aðstöðu innanhuss. Þess vegna er felagið a hrakholum með husnæði til fundahalda og felagsstarfs. Skrádir felagsmenn i Breiðablik eru um 1600 talsins.

## ÍPRÓTTAFÉLAG KÓPAVOGS.

Stjórnina skipa: Reinhardt A. Reinhardtsson formaður  
Bragi Mikaelsson varaformaður

Hórhannes Axelsson ritari

Gunnar Magnússon gjaldkeri

Eyjólfur Kristjánsson meðstjórn.

varastjórn: Sigurbjartur Jóhannsson  
Sigurjón G. Sigurjónsson

Íþróttafélag Kópavogs samanstendur af knattspyrnudeild, tennisdeild, styrktardeild og kvennadeild. Störf knattspyrnudeilar hafi gengið vel s.l. ár og umsvif verið mikil. Stjórn knattspyrnudeilda skipa: Magnús Harðarson, formaður

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Noel Burges

Rögnvaldur Jóhannesson

Reinhardt Reinhardtsson

Varamenn: Hermann Jón Ásgeirsson  
Rafn Gestsson

Tennisdeildin hefur nú fengið til liðs við sig svissneskan þjálfara, formaður deildarinnar er sem fyrr Jóhann Þór Arnarson.

Að sjálfsögðu hefur starfsemin knattspyrnudeildaðarinnar verið fólgin í undirbúningi undir Islandsmótið, sem hípunktur í starfsemi allra knattspyrnufélaga. Sú nýlunda var í starfseminni s.l. sumar, að sett var á stofn knattspyrnunámskeið fyrir krakka á aldrinum 6 - 9 ára og var þátttaka í námskeiðum þessi mjög mikil. Stendur til að reyna að halda þeim áfram.

U.M.S.K. móti var haldið á Kópavogsvelli í 6. 5. og 3. flokki. Má geta þess að 5. flokkur I.K. sigraði í mótinu og hlaut I.K. þar með sinn fyrsta bikar en örugglega ekki þann síðasta.

Arangur 4. flokks var bestur af öllum flokkum I.K. og lento peir í öðru sæti í B-riðli og þar með rétt til að leika í úrslitakeppninni, sem fór fram á Kópavogsvelli.

Svo sem venja er orðin, stóð I.K. fyrir hlaupi á sumardaginn fyrsta. Keppt var í þremur aldursflokkum stúlkna og drengja. Mikill fjöldi tók þátt í hlaupinu og voru áhorfendur fjölmargir.

I samræmi við ákvörðun UMFI gekkst I.K. fyrir göngudegi fjölskyld unnar, þann 14. júní 1980. Gekk gangan og fræmkvæmd hennar öll mjög vel fyrir sig og naut I.K. þar góðrar leiðsagnar Adolfs Petersen. Þátttakendur voru milli 40 og 50 og var þeim afhent viðurkenningarskjöl þar að lútandi.

Margskonar starfsemi hefur að vanda farið frá félagsheiminu að Fagrahvammi. Má þar nefna kvíkmyndasýningar, skák, félagsvist, fundir og töfluæfingar og rekin hefur verið þar salgatissala.

I hússtjórn eiga sæti: Þórir Bergsson, Arinbjörn Clausen, Eyjólfur Kristjánsson, Sölví Sölvason og Pétur Jónsson.

Svo sem venja hefur verið, stóð I.K fyrir "diskótekum" að Hamraborg 1 og önnuðust stjórn félagsins og hússtjórn það sameiginlega. Þá stóð félagið fyrir kertasölu fyrir jólin. Einnig hefur knattspyrnudeild verið með sjálfsstæða fjárflovn, svo sem rækju-sölu, jólakortasölu o.fl.

A síðasta ári hlaut Grétar Bergsson þá sáemd að vera tilnefndur handhafi félagsmálabikars I.K fyrir vel unnin störf og sérstakan óhuga á málefnum félagsins. Að þessu sinni hlaut hann Aðalsteinn Aðalsteinsson sem er einn af stofnendum I.K og hefur unnið þrólust starf fyrir félagið frá upphafi.

I.K-konur hafa eins og áður unnið gott starf fyrir félagið, séð um að hafa heitt á könnunni og borið fram glásilegar tertur á tyllidögum, auk þess sem þær hafa unnið að margvislegum fram-faramálum innan félagsins. Má þar nefna framlg þeirra þaði í peningum og vinnu er félagið eignaðist sinn glásilega gönguféna s.l. sumar

## Ungmennafélag Bessastaðahrepps ( UMFB )

Stjórn félagsins er þannig skipuð :

Formaður: Ólafur B. Schram

Gjaldkeri: Guðmundur Guðmundsson

Ritari: Sölveig Valgeirsdóttir

Meðstj.: Guðlaugur Einarsson

Meðstj.: Reynir Hilmarsson

UMFB var stofnað 1946 og voru stofnendur þess, félagar í "Málfundarfélaginu Presti", sem stofnað var 1939. Starfsemi félagsins hefur undanfarin ár verið hin blómlegasta og verið undirstaða almenns félagslifs á Álfanesi. Haldin hafa verið dans og spilaskemmtanir, tafl og borðtennisæfingar, málfundanámskeið, kvíkmyndasýningar, bingó og farnar hafa verið hópferðir á skíði og í sundlaugar svo eitthvað sé nefnt. Íþróttir og æfingar hafa verið stundaðar af kappi og líður ekki á löngu þar til félagið hefur eignast frambærilegt lið ungra knattspyrnumanna til þáttöku í mótum. Hápunktur starfsemi félagsins er síðan við hver áramót, þá hafa félagsmenn safnað í stóran bálköst. Farin er blisför mikil um nesið og eldur kveiktur við söng og gleði nesbúa. Eftir miðnætti er nýju ári fagnað með dansleik miklum allt til sólrisu.

Tekjur félagsins eru nægjanlegar, en þar er aðallega um ágóða af skemmtunum og getraunasölu að ræða. Kosnaði við allar framkvæmdir er stillt í hóf og félagið hefur tamið sér að sníða stakk eftir vexti.

Mikill áhugi er meðal Álfnesinga fyrir starfi og viðgangi félagsins og það kemur fram í allri þáttöku þeirra. Félagsmenn eru nú 97.

Form.



# U.M.F. Stjarnan

25

Garðahreppi

Aðalst. Boði Björnsson Form. 51524

Grétar Guðmundsson Gjaldkeri.

Grétar Ingólfsson Ritari.

Meðst. Bragi Eggertsson

Bergþór Úlfarsson

Benidikt Sveinnsson

I

Hauðk. Guðmundur Jónsson Form 50837

Hafsteinn Guðmundsson

Alja Helgadóttir

Asta Bragadóttir

Ólur Ingason

II

Knats. Jóhannes Sveinbjörnsson 77077

Jón Peter Kristjánsson

Fórarinn Sigurðsson

Páll Skúlason

III

Borðst. Aðalstjórn

IV

Blak. Július Arnarsson 45872

Kristínn Guðmundis Guðjón S Steindórs

Kalla Malmquist Kristján Gíslason

Hafsteinn Eragason

Guðni Th Jóhannesson

V

Karate.

Hannes Hilmarsson Hagaflöt 14 s 42957 Formaður.

Stefán Alfreðsson Vallargerði 14 s 41051 Gjaldkeri.

Stefán Hjaltalín Miðvangi 97 s 51107 Ritari.

Gunnar Æ Guðmundsson Blikanesi 10 s 42622 Meðstjórhændi.

Ágúst Arnbjörnsson Mávanesi 9 s 40373 Meðstjórnansí.

## Íþróttafélagið Gerpla.

Íþróttafélagið Gerpla var stofnað 25. apríl 1971. Í því eru starfandi fjórar deildir. Borðtennisdeild, badmintondeild, fimleikadeild og judodeild. Af einstökum íþróttasigrum má nefna Íslandsmeistarann í fimleikum Berglindi Pétursdóttur fyrir utan sex stúlkur, sem urðu í efstu sætum í sínum aldursflokkí:

|                       |                     |
|-----------------------|---------------------|
| 15 - 16 ára .....     | Áslaug Óskarsdóttir |
| 13 - 14 - .....       | Jóna Einarsdóttir   |
| 11 - 12 - .....       | Hlíf Þorgeirsdóttir |
| lo ára og yngri ..... | Hlín Bjarnadóttir   |

Í úrslitamóti 16 ára og yngri Jódís Pétursdóttir

Farið var í sýningar og keppnisferð til Akureyrar 30. maí. Stúlkur eldri en 12 ára sýndu æfingar, en stúlkur yngri en 12 ára kepptu. Atti Gerpla þar flest verðlaunasætin.

Síðan má nefna sýningar á ÍSÍ hátiðinni og þátttaka í afmælishátíð Kópavogs. Að lokum voru sendar fjórar stúlkur á fimleikamót í Luxemburg og sigruðu þær þar. Má segja að það hafi verið hápunktur í starfsemiinni í fimleikadeildinni.

Borðtennisdeildin hefur starfað mikið á árinu og má nefna góða frammistöðu í íþróttamótum. Á unglingsmóti í yngsta aldursflokkí, varð Bjarni Bjarnason í öðru sæti og Snorri Páll Einarsson í þriðja sæti. Á Íslandsmeistaramóti fengum við annað sæti í tvíliðaleik kvenna og í flokkakeppni kvenna og þriðja sæti í einliðaleik kvenna og tvenndarleik. Í yngsta aldursflokkí varð Bjarni Bjarnason númer þrjú.

Judodeildin hefur ekki sent nein lið í keppni og badmintondeildin hefur ekki unnið til verðlauna á meistaramótum.

Fyrir u.p.b. prem árum, réðust félagar í Gerplu í, að taka hús á leigu, þar sem Kópavogsbær hafði ekki byggt íþróttahús síðustu fimmtán árin. Voru margir svartsýnir á, að þetta gæti tekist, en nú, eftir þrjú ár, sýnir það sig, að þetta var hægt. Það krafðist geiplegrar vinnu af félagsmönnum, bæði við að gera þetta nothæft til íþróttaiðkana og eins við viðhald. En við í Gerplu horfum nú fram á bjartari tíma.

Yfirlit um starfsemi Handknattleiksfélag Kópavogs.

Handknattleiksfélag Kópavogs hóf sitt 10. starfsár að hausti 1979.

Stjórn félagsins var skipuð eftir varandi mönnum:

Porvarður Áki Eiríksson, formaður  
 Erlingur Sigurðsson, varaformaður  
 Gissur Kristinsson, ritari  
 Hilmar Sigurgíslason, gjaldkeri  
 Einar Örn Porvarðarson, meðstjórnandi  
 Albert H. N. Valdimarsson, frá Blakdeild.

L Starfsemi félagsins skiptist í tvennt þ.e. handknatt-leiksdeild og blakdeild. Albert H. N. Valdimarsson formaður blakdeilda sat aðalstjórn. Hér á eftir verður gerð grein fyrir starfsemi handknattleiksféldar félagsins en á öðrum stað er yfirlit um starfsemi blakdeilda.

Starfsvið aðalstjórnar var hefðbundið og mótaðist fyrst og fremst að því að leysa úr fjárhagsvanda félagsins. Er svo komið að mestur tími stjórnarmanna fer í að afla fjármagns til starfseminnar.

A HK varð 10 ára 26. jan. 1980 og var þess minnst með samsæti fyrir félaga og velunnara þess. Einnig komu formenn hinna ýmsu samtaka og fluttu féluginu kveðjur þeirra. Margar höfðinglegar gjafir bárust og má til dæmis nefna framfarabikar 4fl. karla sem gefinn var af Sveinbirni Björnssyni. Sveinbjörn þjálfaði á sínum tíma þann flokk og náði mjög góðum árangri. Stjórn HK þakkar öllum þeim sem heimsóttu félagið á afmælisdeginum.

Eiginkonur félagsmannna stofnuðu kvennadeild og setti sér m.a. markmið að halda ár hvert jólabasar og rynni ágöðinn til starfsemi félagsins.

Fundargerð Blakdeilda.

Þann 24. sept. 1979 átti Blakdeild HK 5 ára afmæli. Í því tilefni stóð deildin fyrir afmælismóti fyrir yngri flokka í blaki. Þessu móti lauk í febrúar 1980.

A árinu 1980 stóð Blakdeild HK fyrir tveimur almennum diskótekum að Hamraborg 1. Þau fóru vel fram og gáfu um 300 þús. g.kr. í hreinar tekjur. Auk þess hélt deildin nokkur skemmtikvöld fyrir yngstu félagana að Hamraborg 1, og kunnu krakkarnir vel að meta það.

Undanfarin ár hafa verið fjöldituð nokkur félagsblöð á hverju keppnistímabili.

A haustmóti BLÍ 1980 var keppt í meistaraflokk karla og kvenna og einnig í 3.fl. pilta. Í meistarafl. karla lenti HK í erfiðum riðli og tapaði sínum leikjum. HK vann þó það afrek að vinna eina hrinu á móti Prótti, Rvk., en Próttur er sterkasta félagslið í blaki á Íslandi um þessar mundir. HK liðið í 3.fl. pilta lenti í 3. sæti. HK strákarnir í 3.fl. eru á fyrsta ári í 3.fl. og miðað við það var frammistaða þeirra góð.

Hraðmót BLÍ fyrir yngri flokka fór fram 1.des. 1980. HK stúlkurnar í 3.fl. skráðu sig til keppni í 2.fl. og börðust þar við ofurefli. Þær urðu að sætta sig við tap. HK piltarnir stóðu sig vel. Í 4.fl. varð HK sigurvegari, en í þessum flokki kepptu 6 lið. Í 3.fl. hélt HK sínu 3.sæti frá því á haustmótinu, og vakti frammistaða "litlu" HK strákanna verðskuldaða athygli. Í 2.fl. pilta hreppsti HK 2.sæti, en HK hefur vermt 2. sætið í þessum flokki síðastliðin 2 ár.

Um miðjan október 1980 var ákveðið að HK tæki þátt í 2. deild karla, en HK hefur ekki verið með í deildarkeppninni í balki síðan 1976.

## GOLFKLÚBBURINN KJÖLUR.

Hinn 7. de sember s.l. var stofnaður í Mosfellssveit, golfklúbbur, er hlaut nafnið "Golfklúbburinn Kjölur". Ýfir 50 manns hafa þegar skráð sig sem stofnfélagi í klúbbnum. Í stjórn klúbbsins voru kosin:

Formaður, Örn Höskuldsson Arnartanga 27 Mosfhr.  
meðstjórnendur, Einar Tryggvason Miðdal Mosfhr.  
Hilmar Sigurösson Ásholti 3 Mosfhr.  
Georg Tryggvason Arnartanga 32 Mosfhr.  
Gísli Árnason Arnartanga 43 Mosfhr.  
Sigrún Ragnarsdóttir Arnartanga 43 Mosfhr.  
Valgerður Jakobsdóttir Bergholti 12 Mosfhr.

Á stjórnarfundi, sem haldinn var 13. desember s.l., var samþykkt að veita klúbbnum inn göngu í sambandið. Var þeim sent bréf, þar að lútandi, ásamt nauðsynlegum gögnum er varðar sambandið.

## GREINARGERÐIR VANTAR FRÁ EFTIRTÖLDUM FÉLÖGUM:

UMF Afturelding  
UMF Kjalarness  
Sigl. Vogur  
Í.Pr.f. Grótta

Rekstrar- og efnahagsreikningur

U M S K

fyrir timabilið  
febr. 1980 til 21. febr. 1981.

R e k s t r a r r e i k n i n g u r

G J Ó L D:

|                            |     |                  |
|----------------------------|-----|------------------|
| Verðlaun .....             | Kr. | 557.950          |
| Forkeppni í knattsp.       | "   | 427.800          |
| Skiðahátið .....           | "   | 110.000          |
| Badmintonmót .....         | "   | 112.300          |
| Húsaleiga .....            | "   | 200.000          |
| Rekstur skrifstofu .....   | "   | 200.000          |
| Póstur og pappír .....     | "   | 187.431          |
| Skattar til f.s.f. .....   | "   | 80.400           |
| Námsskeið, ráðst.          | "   | 43.200           |
| Ársskýrsla .....           | "   | 41.055           |
| Vátryggingar .....         | "   | 37.891           |
| <u>Tekjuafgangur</u> ..... | "   | <u>6.046.740</u> |

Kr. 8.044.767

====

f y r i r á r i ð 1 9 8 0 .

T E K J U R:

|                              |               |
|------------------------------|---------------|
| Framlög félaga .....         | Kr. 2.960.000 |
| Styrkur Seltjarnarness ..... | " 250.000     |
| " Garðabær .....             | " 250.000     |
| " Kópavogs .....             | " 600.000     |
| " Kjálarness .....           | " 150.000     |
| Útbreiðsluþtyrkur .....      | " 1.823.154   |
| Sýslusjóðsframlag .....      | " 1.100.000   |
| Vextir .....                 | " 208.629     |
| Félagsgjald .....            | " 536.490     |
| Getraunir .....              | " 166.494     |
| <hr/>                        |               |
| ====                         | Kr. 8.044.767 |
| <hr/>                        |               |

# E F N A H A G S R E I K N I N G U R

## E I G N I R:

|                           |          |               |
|---------------------------|----------|---------------|
| Ávisana reikningur .....  | Kr.      | 648.910       |
| Sparisjóðsbók .....       | "        | 2.004.906     |
| Sýslusjóðsframlag .....   | "        | 1.100.000     |
| Getraunir .....           | "        | 166.494       |
| Kópavogsbær .....         | "        | 290.000       |
| Ógr. framlag félaga ..... | "        | 2.615.000     |
| Sumarhús .....            | "        | 3.000.000     |
| Tjald .....               | "        | 600.000       |
| Æfingagallar .....        | "        | 100.000       |
| <u>Ritvél .....</u>       | <u>"</u> | <u>45.000</u> |
|                           |          | Kr.10.570.310 |

==

f y r i r á r i ö 1 9 8 0 .

S T Y R K I R:

|                                |     |                  |
|--------------------------------|-----|------------------|
| Ógr. kennslustyrkir .....      | Kr. | 778.570          |
| Lánadrottnar .....             | "   | 596.000          |
| Höfuðstóll frá fyrra ári ..... | Kr. | 3.149.000        |
| + tekjuafgangur 1980 .....     | "   | <u>6.046.740</u> |
|                                | "   | 9.195.740        |